

6. Spurning - Stafarugl

Í stafaruglinu hér fyrir neðan er búið að koma fyrir 10 orðum sem tengjast jarðskjálftum og eldgosum. Orðin geta verið skrifuð lóðrétt eða lárétt, afturábak eða áfram. Finndu orðin!

Jarðskjálfti – Kvika – Landsig – Misgengi – Sprunga –
Eldgos – Hraun – Gjóska – Flekaskil – Eldfjall

J	A	R	Ð	S	K	J	Á	L	F	T	I
X	S	C	H	G	D	H	R	A	U	N	V
D	E	Æ	L	J	E	R	T	N	T	A	E
G	L	W	T	Ó	J	A	S	D	Y	E	L
H	D	R	A	S	K	V	B	S	S	I	D
U	F	L	E	K	A	S	K	I	L	Æ	G
R	J	Y	B	A	A	P	M	G	V	M	O
L	A	M	Y	Ð	G	R	L	E	B	K	S
M	L	L	N	Æ	H	U	Æ	R	S	O	L
O	L	T	N	S	O	N	U	T	X	B	Æ
A	K	B	M	I	S	G	E	N	G	I	T
T	U	K	V	I	K	A	Y	R	B	O	L

“Fræðsluskjálfti”

Jarðskjálftaverkefni handa grunnskólanemum.

Samstarfsverkefni Skjálftaseturs á Kópaskeri og Gljúfrastofu í
Asbyrgi með aðstoð kennara í Öxafjarðarskóla.

Verkefni til að leysa í Gljúfrastofu

Svörin við flestum spurningunum má finna á sýningunni

Nemandi: _____



Dragðu hring utan um rétt svör.

1. Spurning

Í gegnum Ísland liggja flekaskil. Á hverju ári færast flekarnir í átt frá hvor öðrum. Hversu hratt færast þeir frá hvor öðrum á einu ári? *Vísbanding:* *Hversu mikið vex mannsnögl á einu ári?*


- a) 2 m
- b) 2 cm
- c) 20 cm

2. Spurning

Kortið hér fyrir neðan sýnir flekaskilin á Íslandi. Merktu inn á með **hring** hvar á Íslandi flekarnir **færast hvor frá öðrum**. Merktu síðan með **krossi** hvar á Íslandi **flekarnir nuddast við hvorn annan**.

Hvar verða sterkustu jarðskjálftarnir á Íslandi?

- a) Þar sem flekarnir færast hvor frá öðrum (t.d. undir Vatnajökli)
- b) Lengst frá flekaskilunum (á Vestfjörðum og Austurlandi)
- c) Þar sem flekarnir nuddast við hvorn annan (t.d. við Kópasker).



3. Spurning

Á Norðurlandi eru nokkrar eldstöðvar. Út frá þeim liggja sprungukerfi. Hvað liggja mörg sprungukerfi norður í Öxarfjörð? Við hvaða staði eru þau kennd?

- a) 4: Þeistareykir, Krafla, Fremri-Námur, Hekla
- b) 4: Þeistareykir, Krafla, Fremri-Námur, Askja
- c) 3: Þeistareykjir, Krafla og Hekla

4. Spurning

Fyrir um 200 milljónum ára er talið að öll meginlöndin hafi legið saman og myndað eitt stór land. Þetta land fékk nafnið Pangæa. Á myndinni hér fyrir neðan er mynd af Pangæa og útlínur meginlandanna sýndar. Tengdu nöfn meginlandanna við rétt land á myndinni. (*Athugið að útlínurnar eru ekki sambærilega við útlínur meginlandanna eins og við þekkjum þau í dag*).



N-Ameríka
S- Ameríka
Evrópa
Afríka
Indland
Ástralía
Suðurskautslandið

5. Spurning

Hvað eru 200 milljón ár langur tími?

Ef við gefum okkur að 1 ár sé 1 millimetri (1 ár = 1 mm) þá eru 200 milljón ár jafnt og 200 milljón millimetra. Það er það sama og 200 km.

Frá Húsavík til Kópaskers eru tæplega 100 km. Ef þú mátt færa þig um 1 mm á ári, hvað værir þú mörg ár að komast frá Húsavík til Kópaskers?

- a) 100 milljón ár
- b) 1000 ár
- c) 100 ár